



Vestfjarðastofa

Alþingi

Fjárlaganefnd

sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Ísafirði 10. október 2022

Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi frumvarp til fjárlaga 2023, mál 1 og eftir því sem við á efni frumvarps til laga um breytingu á lögum vegna fjárlaga 2023, mál 2.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga ritar þessa umsögn. Vísað er hér í upphafi til ítarlegrar umsagnar¹ dags 13. maí s.l., sömu aðila um þingsályktun til fjármálaáætlunar 2023 – 2027, mál 513, 152. löggjafarþing og kynningarglæra² á fundi með fjárlaganefnd þann 1. júní s.l..

Á 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti, sem haldið var þann 8. – 10. september s.l. var samþykkt ályktun auk greinargerðar með yfirskriftinni „Aflstöðin Vestfirðir“³. Byggir ályktunin og greinargerð á efni framangreindar umsagnar um fjármálaáætlun 2023-2027. Vakin er hér athygli Alþingis og fjárlaganefndar að stefna nýrra sveitarstjórna á Vestfjörðum ber því samhljóm með stefnumörkun fyrri sveitarstjórna á Vestfjörðum.

Krafa sveitarstjórna er og hefur því verið að stjórnvöld horfi til þess, að eftir langvarandi samdráttarskeið, þá eigi að setja í forgang styrkingu á samkeppnisstöðu Vestfjarða, til jafns við aðra landshluta er varðar samgöngur, fjarskipti og orkumál. Sömuleiðis að tryggja að nærsamfélög njóti uppbyggingar í fiskeldi og gætt sé hagsmuna samfélaganna við stefnumörkun í greininni. Þar fer fremst sú krafa að fiskeldisgjald verði beinn tekjustofn til A hluta reksturs fiskeldissveitarfélaga til að hraða uppbyggingu innviða þeirra.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga áskilur sér svo rétt til að koma að umfjöllun um frumvarp til fjárlaga 2023 á síðari stigum og um frumvarp til laga um breytingu á lögum vegna fjárlaga 2023.

f.h. Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

¹ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-3294.pdf>

² <https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-3542.pdf>

³ [23-alyktun-aflostod-thekkingar-adur-thingskjal-6.pdf \(vestfirdir.is\)](https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-3542.pdf)

Greinargerð.

Með breytingu á lögum um opinber fjármál þá varð fjármálaáætlun þungamiðja í stýringu opinberra fjármála. Fjárlög hvers árs eru að stórum hluta staðfesting á fjármálaáætlun, en þau eru um leið vettvangur þar sem mál eru leidd til niðurstöðu s.s. í tengslum við kjarasamninga og sem viðbragð við nýjum verkefnum ársins sem síðan hafa áhrif á fjármálaáætlun komandi ára.

Í þessari umsögn eru almennt ítrekuð sú stefna og greining á stöðu málefna á Vestfjörðum, sem kom fram í umsögn um fjármálaáætlun 2023-2027 og því beint til fjárlaganefndar að kynna sér efni hennar. Hinsvegar er tekin hér til umfjöllunar sértæk og eða ný mál sem lögð eru fram í frumvarpi til fjárlaga 2023 og koma til viðbótar við fyrri umfjöllun um fjármálastefnu.

Um fjárlagaramma.

Þeirri almennu spurningu er hér velt upp hvornig best sé að verja ábata af bættri afkomu ríkissjóðs miðað við áætlun fjármálaáætlunar. Reiknað er með tæpum 140 ma auknum tekjum en 40 ma verði varið til lækkunar skatta og rekstarniðurstaða áætluð neikvæð er nemur 89 ma..

Lækkun peningalegra skulda er mikilvægur þáttur í rekstri ríkissjóðs en benda verður á þá miklu viðhaldsskuld innviða sem m.a. Fjármálaráð benti á í umsögn um þingsályktun til fjármálaáætlunar 2023-2027, að nemi nú á hátt í 400 ma.

Slík viðhaldsskuld telur Vestfjarðastofa hafi á síðustu áratugum haft bein áhrif á dapra stöðu innviða á Vestfjörðum. Hér ætti að taka til skoðunar að fara hægar að ná niður halla ríkissjóðs og peningalega skuldir, en þess í stað að leggja áherslu á að lækka viðhaldsskuld innviða samfélagsins. Slíkt skapi aukinn stöðugleika fyrir samfélög og atvinnulíf auk meiri hagkvæmni í rekstri sem skilar sér í auknum ábata til ríkissjóðs til lengri tíma litið.

Áherslumál einstakra málsviða

Hér verður farið yfir þau málsvið fjárlagfrumvarpsins sem varða samfélög á Vestfjörðum hvað mest horft til ársins 2023. Tekin eru til umræðu málsvið þar sem annarsvegar eru ný atriði sem ekki voru tilgreind í fjármálaáætlun og hinsvegar málsvið sem sífellt þarf að minna á og ræða við stjórnvöld.

Sveitarfélög og byggðamál, málavið 8.

Vestfjarðastofa bendir á umsögn sína um fjármálaáætlun 2023-2027 um forsendur og áherslur um breytingar innan þessa málaviðs. Hér í umsögn um frumvarp til fjárlaga 2023 verður komið inn á tvö atriði auk umfjöllunar um fjármál sveitarfélaga.

- a. Fjárhagsrammi samninga um atvinnu og byggðapróun og rammi Sóknaráætlana landshluta, krafa um hækkun framlaga.

Tillaga frumvarpsins fer eftir ákvæðum fjármálaáætlunar 2023-2027. Ekki er sagt beinum orðum en málaflokkurinn fylgir almenntri aðhaldskröfu og þar með lækkun framlaga og hefur gert lengi. Sami fjárhagsrammi er settur fram í nýsamþykktri byggðaáætlun en þar er tilfærsla er á milli aðgerða innan Byggðaáætlunar.

Áréttuð er umsögn⁴ landshlutasamtaka sveitarfélaga til fjárlaganefndar um stöðu málsins. Fjárveitingar til samnings um atvinnu og byggðapróun hafa staðið í stað frá því nýr samningur var gerður 2018 og hefur sá samningur fylgt almenntri aðhaldskröfu. Samningur eða rammi fyrir fjármagn til starfsemi landshlutasamtaka á svið atvinnu- og byggðapróunar á sér langa sögu eða allt til ársins 1990. Viðmiðum þessara samninga var breytt árið 2009 og horft til þróunar launavísitölu til ársins 2022, þá er raunvirði framlaga um 200 mkr lægri í dag en á viðmiðunarári. Meta má sem svo að framlög ársins 2022 nægi til rekstur 17 stöðugilda í stað 33.

Sértækar fjárveitingar voru veittar til Sóknaráætlana landshluta vegna Covid 19 faraldurs árin 2020, 2021 og 2022, um 100 mkr hvert ár, falla einnig að óbreyttu niður. Þá verða fjárveitingar til Sóknaráætlana hinar sömu og árið 2019 og í engu samræmi við markmið sem sett eru í lögum um byggðaáætlun.

- b. Fjárhagsrammi Byggðaáætlunar til að mæta markmiðum laga um byggðaáætlun. Auka fjármagn og mæta vanda landshluta samhliða vanda einstakra byggðarlaga.

Í lögum um byggðaáætlun er tilgreint að sérstök áhersla skuli lögð á byggðir með einhæft atvinnulíf og viðvarandi fækkun íbúa, auk þess að taka tillit til atvinnuástands. Þessari áherslu er mætt með því að fækka verkefnum frá fyrri Byggðaáætlun og færa fjármagn til tveggja aðgerðar Byggðaáætlunar. Annarsvegar aðgerð C1 *Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða*. og hinsvegar aðgerð C2 *Brothættar byggðir*.

Vestfjarðastofa telur að hér hafi stórt markmið í byggðamálum, verið smættað niður með takmörkuðu fjármagni sem einnig er einungis veitt er frá ári til árs. Hér verður að benda á að Vestfirðir og Norðurland Vestra eru einu landshlutarnir sem hafa verið með viðvarandi fólkfækkun til lengri tíma. Vissulega er jákvæð þróun einstakra svæða innan þessara landshluta en þá eftir rúmlega 30 ára niðursveiflu.

⁴ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/153/153-2.pdf>

Hér er gerð krafa um að fjármagn verði aukið til að mæta áherslum í lögum um byggðáætlun og fjármagni veitt til sóknaráætlana til að bregðast við sértækum og langvarandi vanda.

Eins verður að benda á mjög alvarlega stöðu sauðfjárræktar sem er víða undirstaða byggðar og atvinnu innan þessara landshluta og haldi þróun óbreytt áfram þá leiði það til eyðingar byggðar á stórum svæðum. Hér þarf aukið fjármagn til að vinna með þróun sauðfjárræktarinnar og mögulega þróun í öðrum atvinnugreinum sem geta tryggt búsetu og byggð á þessum svæðum.

Stærsta málið er hinsvegar mjög erfið fjárhags og rekstrarstaða sveitarfélaga á Vestfjörðum sem farið er yfir í umsögn Vestfjarðastofu um fjármálaáætlun 2023-2027. Bæta þarf tekjugrundvöll sveitarfélaganna m.a. með tekjum af fiskeldisgjaldi en samtímis að auka framlög til að taka á mjög þungum rekstri velferðarþjónustu þar sem hæst ber málaflokk fatlaðs fólks.

Eins ber að vekja athygli fjárlaganefndar á þungum verkefnum sveitarfélaga sem þau bera ein og sér í dag, þetta eru mál er varða mál barna með fjölþættan vanda. Hér hafa á þessu ári komið upp dæmi um eitt verkefni sem taka allt að 15 % tekna sveitarfélags. Ná þarf meiri heildarsýn á stöðu verkefna af þessu tagi hjá sveitarfélögum en ljóst er að núverandi fyrirkomulag getur ekki gengið.

Samgöngu og fjarskiptamál, málavíð 11.

Verkefni og framtíðarsýn í samgöngumálum á Vestfjörðum koma fram í umsögn um fjármálaáætlun 2023-2027. Horft er til að koma þeim áherslum að á næsta ári í umræðu í tengslum við þingsályktun um samgönguáætlun 2023-2038 og að þær áherslur skili sér í þingsályktun um fjármálaáætlun 2024-2028.

Við kynningu á innviðaráðherra á frumvarpinu kom fram að bregðast yrði við þenslu með samdrætti í framkvæmdum og eða frestun þeirra. Vestfjarðastofa setur þá kröfu að í frumvarpi til fjárlaga 2023 verði ekki bein lækking á framlögum til verkefna á Vestfjörðum og sem eru innan aðgerðartíma Samgönguáætlunar 2020-2024. Hér er um að ræða verkefni vegna áratuga uppsafnaðri viðhaldsþörf innviða á Vestfjörðum (en eru skilgreind sem nýframkvæmdir) og viðbragð við gjörbreytta stöðu atvinnulífs á Vestfjörðum. Hér um ræðir verkefni s.s. Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit og Dynjandisheiði, og Veiðileysuháls.

Fagna ber tillögum í samgöngumálum en um leið að þess sé gætt að tillögurnar gangi fram í umfjöllun um fjárlagafrumvarpið. Þetta eru m.a. að veitt sé heimild til endurnýjunar skips til ferjusiglinga á Breiðafirði, framlög verði aukin í tengivegi til framtíðar, til viðhalds vega og aukin framlög eru veitt til Loftbrúar.

Ljóst er þó að bregðast þarf við hækkun kostnaðar s.s. framkvæmd við þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar á Vestfjarðavegi. Afgreiða þarf tillögu sem mætir slíkum kostnaðarauka við afgreiðslu fjárlaga 2023 til að tryggja útboð verkefna á næsta ári. Á sama hátt þarf að tryggja fjármagn til annarra áætlaðrar framkvæmda og ekki komi til þess að verkefni tengivega eða viðhald vega verði skert með tilfærslum á árinu 2023 til að fjármagna nýframkvæmdir.

Á sama hátt þarf að gæta að kostnaðarauka er varðar markaða stefnu stjórnvalda um eflingu fjarskipta s.s. ljósleiðaravæðingu í minni þéttbýliskjörnum. Sama á við að tryggð séu fjarskipti / símasamband á vegum (þar sem víða eru göt í kerfinu) og að gætt sé að við niðurlagningu koparkerfis sé tryggt að annað öruggt kerfi taki við samtímis.

Staða vetrarþjónustu.

Aukið samstarf sveitarfélaga, sameining stofnana ríkisins, uppgangur í fiskeldi og ferðaþjónustu á Vestfjörðum með tilheyrandi þungaflutningum og umferð fólks, eru allt þættir sem byggja á öruggum heilsárssamgöngum. Það sem snýr síðan að íbúum þá sýna viðhorfskannanir Vestfjardastofu að hátt hlutfall íbúa (fleiri konur en karlar) veigrar sér við ferðalögum um fjallvegi og ofanflóðahlíðar innan Vestfjarða og/eða innan sveitarfélaga, enda aðstæður krefjandi og oft mjög hættulegar.

Núverandi vetrarþjónusta á fjallvegum og um ofanflóðahlíðar hamlar því flæði fólks og þjónustu en í samantekt Vestfjardastofu um fjölda tilvika í lokunum vega á Vestfjörðum kemur fram þau tilvik námu að meðaltali 330 á árabílinu 2018-2020 (ath 5 mánaðar tímabil). Lausn á þessum vanda verður ekki fyrir en með gerð nýrra jarðganga en á meðan beðið er endanlegra úrlausna í samgöngum er öflug vetrarþjónusta skilyrði,

Í framsögu innviðaráðherra um frumvarpið kom fram að settir eru 6,5 ma til þjónustunnar á ári. Þetta framlag nægir hinsvegar ekki til að taka inn ný verkefni sem koma til eftir því sem samgöngur batna s.s. vegur um Dynjandisheiði og opnun Dýrafjarðargangna. Framlagið hefur heldur ekki nægt til að mæta gjörbreyttri þjónustubörf samfélaga og atvinnulífs í tengslum við fiskeldi s.s. þungaflutningum á úr sér slitnum vegaköflum, akstur milli starfstöðva (oftast innan sama sveitarfélags) og margþætta þjónustu við fiskeldið.

Hitt er síðan að með breyttri framkvæmd opinberra fjármála frá 2016 þá hefur verið tekin út nauðsynlegt viðbragð að bæta upp kostnaðarauka sem myndast á milli ára vegna sveifla í veðri (vindur, hitastig og úrkoma). Vestfjardastofa hefur þær upplýsingar að viðmiðunarfjárhæðin 6,5 ma sé í raun of lág til að þjónusta núverandi kerfi í „meðalári“. Það leiðir til þess að það er viðvarandi halli á rekstri þjónustunnar sem skerðir þjónustu næsta rekstrarárs. Eins kemur nú til viðbótar þegar allur kostnaður er að hækka vegna slæms efnahags á heimsvísu og stríðsástands í Evrópu. Liggi saman fleiri ár með erfiðum veðrum þá eykst þessi halli. Fræðilega gæti komið upp sú staða að ekki sé heimilt að hefja vetrarþjónustu að hausti á vegum landsins og fram að áramótum þegar ný fjárveiting hefur verið afgreidd.

Sem að framan greinir er augljóst allt óhagræði fyrir samfélag og atvinnulíf og tap þjóðarbúsins vegna tafa í flutningum og vinnusókn. Síðan eru það ákvæði fjárlaga um kynjaða fjárlagagerð (sjá tilvitnun bls 132), ljóst er að þessi ákvæði mega sín lítils, þar sem skerðing á þjónustu leiðir til þess að herra hlutfall kvenna sækir ekki atvinnu né þjónustu út fyrir sitt byggðarlag.

Bls 132. Um kynjuð fjárlög.

*Fjármögnun endurbóta á tengivegum er líkleg til að stuðla að jafnrétti ef litið er til áhrifa til lengri tíma. Um tengivegi fer m.a. stór hluti skólaaksturs barna. Bætt ástand þeirra tryggir öruggari samgöngur innan vinnu- og skólasóknarsvæða, styður við atvinnuþróun, ekki síst á sviði ferðamennsku og stuðlar þannig að fjölbreyttari atvinnutækifærum og bættum búsetuskilyrðum. **Kannanir hafa sýnt að sambærilegir þættir hafa alla jafna meiri áhrif á konur en karla. Þó þyrfti að greina betur staðbundin áhrif einstaka framkvæmda á jafnrétti og æskilegt væri að taka mið af niðurstöðum við forgangsröðun verkefna***

Hér er því skorað á fjárlaganefnd að breyta þessu fyrirkomulagi um fjármögnun og heimila sveiflujöfnun í rekstri vetrarþjónustu. Í annan stað gerð sú tillaga að hækka framlag til vetrarþjónustu á árinu 2023 um 1 ma kr til að mæta kostnaðarauka, mæta aukinni þörf samfélaga og atvinnulífs og stuðla að jafnrétti. Til vara verði þá beitt sértækum úrbótum er varða vetrarþjónustu á Vestfjörðum þannig ekki þurfi einn vetur enn með tilheyrandi vankvæðum.

Landbúnaður, málasvið 12..

Vísað er hér til umfjöllunar að framan undir byggðamál að auka fjármagn til að vinna að verkefnum innan sauðfjárræktarsvæða á Vestfjörðum og svæða er liggja að Vestfjörðum.

Sjávarútvegur og fiskeldi, málasvið 13.

Matvælaráðherra hefur á þessu ári sett af stað víðtæka stefnumótun fyrir málasviðið og því ber að fagna. Engin ágreiningur er innan atvinnugreinarinnar eða stjórnvöldum og sveitarfélögum að greiða eigi afgjald af nýtingu takmarkaðrar auðlindar sem fiskeldissvæði í sjó eru. Rammi auðlindagjalda annars vegar og skiptingu þess á milli ríkis og sveitarfélaga (nærsamfélags) hinsvegar mál er varðar samfélög á Vestfjörðum mjög miklu.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa gert með sér samfélagssáttmála um aðgerðir í fiskeldismálum. Þar er gerð sú eindregna krafa um breytingar á lögum um fiskeldisgjald, á þann hátt að mun herra hlutfall fiskeldisgjald (80%) renni til A hluta reksturs sveitarfélaga og Fiskeldissjóður með sérstakri sjóðsstjórn verði lagður niður. Á 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga í september s.l. var samþykkt að stofna samráðshóp sveitarfélaganna til að komast að niðurstöðu um skiptingu fiskeldisgjaldsins á milli sveitarfélaganna og aðstoða þannig við framgöngu þessa máls.

Hækkun fiskeldisgjalds úr 3,5% í 5% kemur inn sem nýtt atriði til umræðu innan þessa málasviðs án nokkurs fyrirvara eða beinnar umræðu. Skammur tími gefst því til að ræða forsendur þessara tillögu og líkleg áhrif á samfélag og þjónustugreinar til skemmri og lengri tíma litið. Hvergi í umræðu á meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum hefur komið til tals að hækka beri fiskeldisgjald. Sveitarfélögin hafa fremur horft til þess að umræða um fyrirkomulag og markmiðssetning sé hluti stefnumótunarvinnu um málasviðið, sem matvælaráðherra setti af stað fyrir á þessu ári.

Tillaga frumvarpsins er sem hér segir (bls 239-240)

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 200 m.kr. Þar sem gert er ráð fyrir að framlög til Fiskeldissjóðs hækki samhliða hækkun verðmætagjalds vegna sjókvíaeldis sbr. lög nr. 89/2019, um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Áætlunin miðast við að gjaldið hækki úr 3,5% í 5% og að viðmiðunartímabili verði breytt í almanaksár. Miðað er við að 1/3 af gjaldinu fari til Fiskeldissjóðs sem er í samræmi við það sem kemur fram í greinargerð með gildandi lögum. **Þessar breytingar samrýmast markmiðum um sjálfbæra nýtingu á takmörkuðum hafsvæðum út frá samfélagslegum sjónarmiðum. [feitletrun Vestfjarðastofa]***
- b. Gert er ráð fyrir 66 m.kr. hækkun á framlagi til Fiskeldissjóðs til að mæta kostnaðaráhrifum gildandi laga nr. 89/2019, um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó.*
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 31,4 m.kr.*
- d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 5,8 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Fiskistofu*

Í framsögum fjármála og efnahagsráðherra og matvælaráðherra um frumvarpið komu engar upplýsingar um tilgreind markmið. Vestfjarðarstofa hefur reynt án sérstakar niðurstöðu, að rýna stefnuskjöl stjórnvalda fyrir málasviðið, til að finna umfjöllun um samspil markmiðs um sjálfbæra nýtingu við stærð afgangsjalds af takmarkaðri auðlind. Eins hefur ekki skilað niðurstöðu að finna umfjöllun, hver eru hin samfélaglegu sjónarmið og hvernig þau hafa áhrif á nærsamfélagið og samfélagið á Íslandi í heild.

Gerð var fyrirspurn til Matvælaráðuneytis hvort og hvar megi finna mælikvarða markmið sem hér að framan eru tilgreind. Í svari ráðuneytisins kemur fram að ekki hafi verið unnir mælikvarðar á fyrir þessi markmið og markmiðin séu það almenn að ekki sé venja að setja á þau mælikvarða. Ráðuneytið vísar síðan til umfjöllunar um markmið og framtíðarsýn sem sett voru í fjármálaáætlun 2023 - 2027 fyrir málasvið 13, þess efnis að ákvarðanir um nýtingu auðlinda eigi að taka viðmið m.a. af hagsmunum heildarinnar í efnahagslegu tilviki. Eins verði að standa vörð um afkomu ríkissjóðs og endurheimta sjálfbærni ríkisfjármála í kjölfar heimsfaraldurs.

Vestfjarðastofa telur mál þetta mun sértækara en svo að beita eigi almennum viðmiðum á markmið fjármálaáætlunar. Hér hefur verið sköpuð veruleg óvissa um þróun fiskeldis í sjókvíum jafnt til skemmri tíma sem og lengri tíma litið og bein áhrif á samfélag og efnahagslíf á Vestfirðum. Gæta verður varhug að setja slík áform fram nema að undangenginni greiningu á líklegum áhrifum. Það er eindregin krafa að fá fram þessar upplýsingar þannig ræða megi forsendur þessa máls áður en ákvörðun er tekin.



Vestfjarðastofa



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Í þessu samhengi þá telur Vestfjarðastofa að uppbygging fiskeldis á síðustu árum falli um margt að umfjöllun fjárlagafrumvarps um hag ríkissjóðs af þróun útflutnings og þróun starfa bls 99.

Það er þó ekki síður mikilvægt að umgjörð efnahagslífsins sé samkeppnishæf, stöðugleiki viðvarandi, skattbyrðin hófleg og að erlendri þekkingu sé tekið opnum örmum. Með slíkri hagstjórn getur hagkerfið dafnað og skilað þeirri verðmætasköpun sem þarf til að standa undir öflugum sameiginlegum kerfum til langframa.

Því má velta fyrir sér að markmið innan frumvarpsins séu ekki komin í ákveðna andstöðu við hvort annað eða er ólík sýn á framgang útflutningsatvinnugreina.

Það lokum er hér tekin til umfjöllunar um málavíðið, tillaga frumvarpsins um að veita 50 mkr til að auka eftirlit með sjókvíaeldi með fyrirvaralausum úttektum. Um er að ræða þriggja ára verkefni á vegum Matvælastofnunar.

Vestfjarðastofa bendir á að hér er tækifæri til að efla starfsemi Matvælastofnunar á Vestfjörðum. Slíkt væri í takt við markmið ríkisstjórnarsáttmála og nýsamþykka stefnu stjórnvalda í Byggðaáætlun um efla starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðis. Eins í takt við greiningu tækifæra í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 um atvinnu og nýsköpun og markmið um atvinnu- og samfélagsþróun.

Ferðaþjónusta málavíði 14

Vestfjarðastofa krefst aukin fjármagns til jafns við landshluta sem fá nú stuðning til markaðssetningar áfangastaða í tengslum eflingu alþjóðaflugvalla þ.e. Flugþróunarsjóð. Keflavíkurflugvöllur er alþjóðaflugvöllur vestfirskrar ferðaþjónustu og fylgja þarf eftir góðum árangri í markaðssetningu Vestfjarðaleiðar og viðkenningu Lonely Planet með auknu fjármagni til handa Áfangastofu Vestfjarða.

Orkumál, málavíði 15

Starfshópur umhverfis, orku og loftlagsráðherra um orkumál á Vestfjörðum leggur fram samþætta áætlun í skýrslu sinni frá í apríl s.l. um, uppbyggingu flutningskerfis raforku, uppbyggingu dreifikerfis og aukna jarðhitaleit á Vestfjörðum. Sköpuð verði þannig skilyrði fyrir orkufyrirtæki að nýta virkjanakosti innan Vestfjarða. Aukin orkuframleiðsla með virkjum með að lágmarki 20 MW, mun gjörbylta öryggi í afhendingu raforku innan Vestfjarða. Aukin framleiðsla mun jafnt bæta kerfislegan vanda sem Vesturlína skapar í dag og verða um leið áfangi í tvöföldun Vesturlínu við meginflutningskerfi landsins.

Hér verður að tryggja að fjármagn verði aukið til uppbyggingar dreifikerfis og til jarðhitaleitar. Samtímis að ekki verði settar skorður á framkvæmdaáætlun Landsnets er varðar Vestfirði með vísan til þenslu í hagkerfinu. Minnt er á þingsályktun um flutningskerfi raforku frá 2018 um að setja þurfi Vestfirði í forgang í flutningsmálum raforku.



Vestfjarðastofa

Umhverfismál, málavið 17

Náttúrustofur

Enn og aftur þarf að áréttta, líkt og á síðustu árum, að viðhalda tímabundinni fjárveitingu til náttúrustofa, á meðan beðið er eftir nýjum rammisamningi, en heimildin 48 mkr mun að óbreyttu falla niður. Fylgt er hér eftir ályktun ársfundar Náttúrustofu Vestfjarða frá 22. september s.l. og þess krafist að lokið verði við samningum sem tryggja framtíðarrekstur náttúrustofa.

Fagnað er þeirri ábendingu í umfjöllun málaviðsins að standa eigi vörð um verkefni og stofnanir sem hafa litið fjárhagslegt svigrúm til að mæta almennri aðhaldskröfu. Vestfjarðastofa mun hér síðar í umsögn koma með ábendingu um stöðu smárra verkefna sem sett hafa verði af stað með tillögu í fjárlögum.

Varnir gegn náttúruvá.

Vestfjarðastofa styður tillögu um að mæta hækkun á framkvæmdakostnaði við ofanflóðavarnir, en setur spurning 100 mkr sé nægjanleg hækkun. Verkefni sem tilgreind eru á árinu 2023 eru framkvæmdir á Patreksfirði, Flateyri, Siglufirði og Seyðisfirði. Gerð er sú karfa að ekki verði neinar seinkari á áframhaldandi verkefnum á Vestfjörðum þ.e. á Patreksfirði, Bíldudal og Hnífsdal, haldist í framkvæmdaröð og ekki þeim sé því ekki seinkað.

Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál, málavið 18

Menningarstarfsemi fór halloka á Vestfjörðum í heimsfaraldri kórónuveiru líkt og í öðrum hlutum landsins. Menningarstofnanir á Vestfjörðum standa hins vegar frammi fyrir miklum vanda að vinna sig upp úr nær algjöru tap í innkomu vegna samkomubanns 2020 og 2021. Eins er útlit fyrir að framlög sveitarfélaga til menningarmála (viðburða og starfsemi almennt) verði verulega skert vegna erfiðleika í rekstri sveitarfélaganna.

Það er mikilvæg í rekstri menningarstofnana að geta tryggt fasta fjármögnun fyrir grunnstarfsemi og skapað menningar og listalíf sem byggir á sérstöðu einstakra svæða eða landshluta. Þessum þætti hefur verið af veikum grunni mætt með framlögum úr Sóknaráætlun Vestfjarða og þar á undan Menningarráð Vestfjarða. Á vegum þessara aðila hafa allt frá árinu 2011 á grundvelli umsókna, verið veittir stofn og rekstrarstyrki til starfsemi menningarstofnana sem eru með heilsársrekstur á Vestfjörðum. Alls hafa um 15-18 mkr verið veittar á ári af um 60-65 mkr heildarframlagi Sóknaráætlunar Vestfjarða til Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða. En sjóðurinn veitir þar fyrir utan styrki (byggt á umsóknum) til menningar-, nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna.

Álíka rekstrarstyrkir voru á árum áður veittir af Mennta og menningarmálaráðuneyti, en við breytingu á sjóðakerfi 2011, þá ákvað ráðuneytið að færa þennan lið til landshlutanna. Höfðu þá framlög verið skorin verulega niður í kjölfar fjármálakreppunnar 2008.

Beint er til fjárlag nefndar að auka við fjármagn til reksturs menningar og listastofnana utan höfuðborgarsvæðis. Auka má við fjármagn til Sóknaráætlunar Vestfjarða með viðaukasamningum eða auka fjármagn beint til viðkomandi stofnana. Í ályktun 67.



Vestfjarðastofa



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var í september s.l. var ályktað um málið og gerð krafa um að fjármagn verði aukið til Sóknaráætlunar Vestfjarða til að koma á mótis við menningarstarf á Vestfjörðum.

Framhaldsskólastig, málasvið 20

Mennta og barnamálaráðherra hefur lýst stuðningi við tillögu um að hefja undirbúning að nýbyggingu (stækkun) verknámshúss við Menntaskólans á Ísafirði. Tryggja verður að viljayfirlýsing ráðherra sé tryggt með fjármagni innan fjárlaga 2023.

Setja þarf einnig aukið fjármagn til að styðja við iðnmenntun til að mæta eftirspurn húsbýggingargeirans á Vestfjörðum eftir faglærðu fólki og gríðarlegri þörf sveitarfélaga og fyrirtækja fyrir uppbyggingu íbúða og atvinnuhúsnæðis á Vestfjörðum.

Háskólastig Málasvið 21

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga í september s.l. samþykkti ályktun um aukin stuðning við starfsemi háskóla á Vestfjörðum og fjarnám. Leggja þarf til aukið fjármagn þannig að ráðuneyti geti beitt sér fyrir því að háskólar bjóði upp á fjarnám. Eins að jafnaður verði aðstöðumunur nemenda fjarri staðbundnum háskólum m.a. hætt verði gjaldtöku fyrir fjarnáms og prófaaðstöðu. Eins að aukinn stuðningur við verði staðarlotur t.d. að nemar fá fleiri flugmiða fyrir Loftbrú og aksturstyrki.

Vísað er hér til markmiða málasviðsins um að auka eigi áhrif og tengsl háskóla og rannsóknastofnana í samfélaginu og tryggja fjölbreytt nám um allt land, með fjarnámi og eflingu þekkingarsetra.

Örorka og málefni fatlaðs fólks, málasvið 27

Vestfjarðastofa krefst þess að nú þegar á árinu 2022 verði sett fjármagn til sveitarfélaga og byggðasamlaga þeirra til að leiðrétta halla á þjónustu við fatlað fólk og á árinu 2023 verði komið á varanlegum fjárveitingum til að jafna halla á rekstri málaflokksins.

Í dag stefnir í, að Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks verði rekið með 195 mkr halla sem að óbreyttu leggst á sveitarfélög á Vestfjörðum. Kæmi það til viðbótar á mjög erfiðan rekstur þeirra en áætlaður rekstrarhalli er talin geta numið tæpum 500 mkr á árinu 2022. Að óbreyttu mun þessi hallarekstur aukast á árinu 2023 og ljóst er að bregðast þarf hér við.

Húsnæðis- og skipulagsmál málasvið 31

HMS og innviðaráðuneytið funda nú með sveitarfélögum um mat á þörf fyrir húsnæði til að setja inn í rammisamning um byggingu allt að 20 þús íbúða á næstu fimm árum. Stefnt er að tillaga um heildarfjárhæð stuðnings ríkisins muni liggja fyrir 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga 2023. Vestfjarðastofa áréttar að þetta mál gangi eftir, en í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum er skortur á íbúðarhúsnæði, sem er bein hindrun við að mæta uppgangi atvinnulífs.



Vestfjarðastofa



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Örlög smáfjárveitinga.

Með vísan til umfjöllunar undir málasviði 17, umhverfismál að gæta að rekstri lítilla stofnana með tilliti til almennrar aðhaldskröfu. Vill Vestfjarðastofa í þessu samhengi vekja athygli á að tilgreina má fjölda verkefna á Vestfjörðum, sem sett hafa verið á laggirnar í tengslum við ráðherraskipaðra starfshópa eða nefnda til að fjalla um viðbrögð við sértæka stöðu í atvinnu og byggðaþróun. Byggt á niðurstöðum skýrsla hafa verið sett af stað verkefni með tillögu í fjárlögum þar sem miðlægri stofnun er falin umsjón með uppbyggingu verkefnis. Aukið er við fjárveitingu til viðkomandi stofnunar fyrir viðkomandi fjárlagaár og „hverfur“ þar í heildarfjárveitingu og sést ekki á næsta rekstrarári.

Endurtekin árleg aðhaldskrafa, kröfur á stofnanir um sparnað í tengslum við aðhald í ríkisfjármálum og eða breytt stefna stofnunar, hafa sett framangreind verkefni í uppnám. Hér rekst þá á markmið Alþingis og ríkisstjórnar um uppbyggingu verkefna utan höfuðborgarsvæðis og markmið í ríkisrekstri og þá viðkomandi stofnunar, oftast með því að vilji stofnunar verður ráðandi og vilji Alþingis þar með hunsaður.

Vestfjarðastofa er tilbúin að koma með sértæk dæmi til að fara yfir með fjárlaganefnd sem lið í að ræða stöðu slíkra verkefna og vinna að úrlausn þeirra.